

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	8.6.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Fulltrúi UST	Björn Stefánsson
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurbjörnsson	Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Vegna framkvæmda við stækkun hefur verksmiðan ekki verið í keyrslu frá því 29. maí 2014. Verið er að prufukeyra þessa daganna og stefnt að því að full keyrsla fari af stað á næstu dögum, ef ekki kemur til verkfalls starfsmanna. Reiknað er með að dagafjöldi tilraunaleyfisins gildi fram á mitt ár 2016. Minnt var á að tilkynna til eftirlitsaðila alla keyrsludaga, í upphaf keyrslunnar og í lokin. Búið er að bæta við tveimur rafgreinum og tveimur nýjum gaspressum. Reiknað er með að vetnisframleiðslan geti þrefaldast við þessa stækkun en rúmast þó innan starfsleyfis.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekki hafa verið gerðar mælingar á þessu ári þar sem verksmiðjan hefur ekki verið í keyrslu.

Enn hefur ekki borist svar vegna undanþágubeiðni vegna gr. 2.8 í starfsleyfi sem send var Umhverfisráðuneytinu þann 12. september 2013. Rekstraraðili er að hefja vinnu við umsókn um nýtt starfsleyfi. Drög að tillögu að matsáætlun hafa verið samþykkt hjá Skipulagsstofnun og verið er að vinna að frummatsskýrslu.

Fallið hefur verið frá fyrirhugaðri samnýtingu lagnaleiðar frárennslis til sjávar með HS orku. Rekstraraðili ætlar að óska eftir fundi með Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja varðandi úrlausn frárennslismála og verður sú lausn útfærð í nýju starfsleyfi.

Gengið var um verksmiðjuna og stækkunarframkvæmdir skoðaðar.

Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Metanól frá framleiðslunni er sett á geymslugám sem stendur á áfyllingarplani. Er skipt um geymi að meðaltali annan hvern dag og fer hann beint til útflutnings. Öðru hvoru skarast skipting gámana og þá lenda tveir tankar á planinu. Er þeim þá snúið gegnt hvorum öðrum svo að átöppunarbarkinn snýr að miðju plani og ef leki kemur að þá fer hann niður á áfyllingarplanið sem er tengt lekavarnarþró.

Efnavörueftirlit fór fram samhliða mengunarvarnareftirlitinu og var framkvæmt af Bergþóru H. Skúladóttur.

Reykjavík, 11.06.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.